



ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild



ORKUSTOFNUN
Greinasafn



ORKUSTOFNUN
Málasafn

541.1

VATNSVIINNSLA OG VATNSSTÖÐUMELINGAR

I BORHOLUM Á SELTJARNARNESI
I AGÚST - SEPT. 1970.

Eftir

Þorstein Thorsteinsson

Október 1970

Seltjarnarneshreppur

Efni

bls.

1. Borholur
2. Vatnsvinnsla
3. Vatnsstöðumælingar
4. Úrvinnsla mælinga og niðurstöður

Myndir

Fnr.

Borholur á Seltjarnarnesi	8908
Holur 1, 2 og 3 Vatnsæðar og vatnsvinnsla	9610
Hola 2, vatnsstaða 31.8 - 5.9.70.	9611
Hola 1. vatnsstaða 12.9 - 16.9.70.	9612
Hola 3, dælt í þrepum	9539
Hola 3, innstreytmismótstaða	9538

1. Borholur.

Þrjár djúpar holur hafa verið boraðar á Seltjarnarnesi. Hola 1 við Bakka, 1282 m djúp, 6 1/4" í þvermál, fóðruð lausri 7" fóðringu í 18,5 m. Hola 2 við Byggjarð, 855 m djúp, 6 1/4" í þvermál, fóðruð lausri fóðringu í 81,5 m og hola 3 við Seltjörn, 1715 m djúp 8 3/4" í þvermál, fóðruð steyptri 9 5/8" fóðringu í 99 m.

Sex 40 - 50 metra djúpar holur eru við frystihúsið Ísbjörninn og tvær 100 metra djúpar rannsóknarholur við Egissíðu og Ananaust í Reykjavík. Staðsetning holanna er sýnd á fnr. 8908. Sömu jarðög koma fram í svipuðu dýpi í holum 1,2 og 3., og benda til því sem næst láréttar jarðlagaskiptnar undir Seltjarnarnesi. Undir Reykjavíkurgrágrýtinu, sem nær niður í 40 metra eru leir og sandsteinslög niður í 80 metra. Þar tekur við eldri grágrýtismyndun með túff og set millilögum niður í 300 metra. Á bilinu 300 - 1250 m eru jarðög breksiukend og gætu að einhverju leyti verið vatns- eða sjávarmyndanir. Neðan við 1350 metra dýpi í holu 3 taka við olivinbasalt hraunlög með þunnum millilögum, sem værtanlega eru landmyndanir og ná þau allt niður í botn holunnar í 1715 m dýpi.

Hita og vatnsstöðuferlar úr hclunum benda til að líta megi á jarðög á bilinu 150 - 1250 m annarsvegar og 1350 - 1715 hinsvegar sem two aðskilda vatnsleiðara með mismunandi rennslis-eiginleikum.

2. Vatnsvinnsla.

Vatnsvinnsla til reynslu með djúpdælu var hafin úr holu 3 þann 18.8.70 og lokið 1.9.70., þegar dælt hafði verið um 21.000 m^3 samtals. Inntak dælunnar var 78 metrum undir fóðurrörsbrún.

Fyrst í stað var dælt í prepum, 14,3, 15,8, 17,9 og 19,5 l/sek, til þess að kanna innstreyymótstöðu holunnar. Að því loknu voru afköst dælunnar 16,4 l/sek til 20,8 en voru aukin í 17,5 l/sek.

Lokað var fyrir holu 2 við Byggjarð 16.8.70. vegna fyrir-hugaðra vatnsstöðumælinga; en úr henni hafði runnið um 2 l/sek.

Aftur rann úr holunni 5.9. - 10. 9. og 14.9. var hún opnuð eftir lokun frá 10.9. til þess að kanna áhrif á vatnsstöðu í holu 1 við Bakka og þar með rennsliseiginleika jarðlaga niður í 1250 metra dýpi.

Fnr. 9610 gefur yfirlit yfir vatnsvinnslu og vinnslutíma í holum 2 og 3.

3. Vatnsstöðumælingar.

Mælingar voru gerðar á vatnsstöðu hola 1, 2 og 3 17.8 - 17.9.70. Vatnsstaða holu 1 var allt tímabilið mæld með síritandi vatnsstöðumæli. Sírit var einnig í holu 2, meðan vatnsstaða hennar var neðan við fóðurrörsbrún en Bourdon þrýstimæli notaður þegar vatnsstaðan var hærri. Vatnsstaða holu 3 var mæld með rafmagnskapli undir fóðurrörsbrún en með Bourdon þrýstimæli þar fyrir ofan.

Fnr. 9610 sýnir vatnsstöðu í holum 1, 2 og 3 á tímabilinu 15.8 - 17.9 70., fnr. 9611 hækjun vatnsstöðu í holu 2 að lokinni vatnsvinnslu úr holu 3, og fnr. 9612 sýnir lækkun vatnsstöðu í holu 1 vegna 2 l/sek. rennslis úr hólum 2 14.8.70.

Mælingar voru ekki gerðar á vatnsstöðu holanna við Egissíðu, Ánanaust og Ísbjörninn, því að fyrri mælingar, gerðar vegna þrýstutilraunar og vatnsvinnslu í holu 1 í júni 1969, höfðu sýnt að jarðög niður í 100 metra dýpi eru óvatnsgeng að kalla.

4. Úrvinnsla mælinga (og niðurstöður).


Unnið hefur verið úr mælingum eftir misvægislíkingu Theis, en fyrri mælingar á Seltjarnarnesi og annarsstaðar hafa sýnt að vatnsstöðulækkun vegna vatnsvinnslu er í góðu samræmi við hana. Til frekari skýringar á líkingunni er vísað til kafla 5.2 í greininni Geohydrology of the Laugarnes Hydrothermal System in Reykjavík, Iceland, eftir P. Thorsteinsson og J. Eliasson.

Heildar vatnsleiðni efri leiðarans, 150 - 1250 m, var reiknuð $1.0 - 1.2 \times 10^{-3} \text{ m}^2/\text{sek.}$ ($1.0 - 1.2 \text{ sek. l./m}$) Óg rýmdarstuðullinn, S, $1.0 - 2.0 \times 10^{-5}$. Notaðir voru hækandi vatnsstöðuferlar úr holum 1 og 2 að lokinni vatnsvinnslu úr holu 3 og gert ráð fyrir að 30 - 40 % vatnsvinnslunnar sé úr efri leiðurunum.

Heildarvatnsleiðni beggja vatnsleiðaranna reiknað eftir hækkandi vatnsstöðu í holu 3 að aflokinni dælingu er a.m.k. $2,7 \times 10^{-3} \text{ m}^2/\text{sek.}$ en gæti verið allt að $5.4 \times 10^{-3} \text{ m}^2/\text{sek.}$ Gildi á rýmdarstuðlinum S er ekki hægt að reikna vegna þess að mælingarholu vantar í neðri leiðarann. Samkvæmt ofansögðu myndi 40 - 50 l/sek. vatnsvinnsla úr 2 1600 - 1700 metra djúpum vinnsluholum ekki valda óhóflegri vatnsstöðulækkun á Seltjarnarnessvæðinu.

Innstreymismótstaða í holu 3 var reiknuð eftir þregðmákingu $0.175 \text{ m}/\text{sek. l.}^2$ og er ekki ástaða til að ætla að hún verði meiri í öðrum álika djúpum holum á Seltjarnarnesi. (Fnr 9539 ðg 9538)


Áhrif sjávarfalla eru 21.5% af hæðarmismun flóðs og fjöru í Reykjavíkurhöfn í holum 1 og 3 en 24.5% í holu 2. Þau eru því sem næst samfasa sjávarföllum og eru því að líkindum óbein.



ORKUSTOFNUN.
Jarðhitadeild

SELTJARNARNES, HOLA 3
Innstreymismótstaða


21.8'70 P.Th / P
Tnr. 31
J-Seltj-nes.
Fnr. 9538




ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild



SELTJARNARNES, HOLA I. OG 2.
Lækkun vatnsstöðu
18.8.-24.8.'70

26.8.'70 P Th. / P
Tnr. 33
J-Seltjarn.
Fnr. 9541





Metrar frá fóðurþorsbrun



Vatnsvinnsla

Agúst 1970

September 1970

25 17

1970

2 1/8

16.4 17.5 17.5 17.5 17.5 17.5 17.5 17.5

2 1/8 2 1/8 2 1/8 2 1/8 2 1/8 2 1/8 2 1/8 2 1/8

10 10 10 10 10 10 10 10

15 15 15 15 15 15 15 15

20 20 20 20 20 20 20 20

25 25 25 25 25 25 25 25

30 30 30 30 30 30 30 30

35 35 35 35 35 35 35 35

40 40 40 40 40 40 40 40

45 45 45 45 45 45 45 45

50 50 50 50 50 50 50 50

55 55 55 55 55 55 55 55

60 60 60 60 60 60 60 60

65 65 65 65 65 65 65 65

70 70 70 70 70 70 70 70

75 75 75 75 75 75 75 75

80 80 80 80 80 80 80 80

85 85 85 85 85 85 85 85

90 90 90 90 90 90 90 90

95 95 95 95 95 95 95 95

100 100 100 100 100 100 100 100

17